

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Selhrauns norður, lóð nr. 1 við Selhelli.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 6. september 2016 breytingu á deiliskipulagi Selhrauns norður, vegna lóðarinnar að Selhelli 1. Deiliskipulagsbreytingin felst í að lóðin minnkar og nýtingarhlutfall hækkar, aðkomur að lóð og fyrirkomulagi bílastæða er breytt og skýli á suðurhluta lóðar er fjarlæggt. Að auki er breyting á mörkum svæðis sem breytingin nær til. Deiliskipulagsbreytingin var auglýst 20. mars - 1. maí 2017. Engar athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns, lóð nr. 8 við Álfhelli.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 25. október 2017 óverulega breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Hellnahrauns, vegna lóðarinnar að Álfhelli 8. Deiliskipulagsbreytingin felst í að byggingarreit lóðarinnar verði snúið um 90°, syðri innkeyrsla frá Dranghelli verði tekin af og að hámarkshæð byggingar verði 10 metrar miðað við mæni. Athugasemdir bárust.

Málsmeðferð deiliskipulagsbreytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. nóvember 2017.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Guðrún Guðmundsdóttir.